

Kaupfélag Suðurnesja svf.

Ársreikningur móðurfélags 2022

Kaupfélag Suðurnesja svf.
Kennitala 680169-1019
Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbær

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla og áritun félagsstjórnar	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10 - 14

Skýrsla og áritun félagsstjórnar

Starfsemi kaupfélagsins

Kaupfélag Suðurnesja er samvinnufélag. Starfsemi félagsins felst í eignarhaldi í dótturfélögum og öðrum félögum. Félagssvæði Kaupfélags Suðurnesja er Suðurnes, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes og Reykjavík.

Félagsmenn Kaupfélagsins voru 7.190 í árslok í sjö félagsdeildum en í upphafi árs voru þeir 7.130. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi, þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild.

Ársreikningurinn innifelur reikningsskil Kaupfélags Suðurnesja svf. (Kaufélagið) sem móðurfélags. Auk þessa ársreiknings er gerður samstæðureikningur móðurfélagsins og dótturfélaga. Í skýringu 1 er gerð grein fyrir dótturfélögum og starfsemi þeirra.

Í samstæðureikningi Kaupfélagsins er gerð grein fyrir ófjárhagslegum þáttum. Þar er um að ræða samfélagsmál, umhverfismál, starfsmannamál, mannréttindamál, spillingar- og mútumál.

Tap Kaupfélagsins á árinu, að teknu tilliti til tekjuskatts, nam 331 milljónum króna samanborið við 510,8 milljóna króna hagnað á árinu 2021.

Heildareignir Kaupfélagsins í árslok námu 4.470,1 milljónum króna samanborið við 4.848,8 milljónir króna í árslok 2021. Eigið fé í árslok 2022 nam um 3.606 milljónum króna sem svarar til um 80,7% eiginfjárhlutfalls.

Starfsemi Kaupfélagsins hefur verið sinnt í hlutastörfum af starfsmönnum á skrifstofu Samkaupa hf. auk þess sem stjórnarformaður sinnir starfsskyldum kaupfélagstjóra. Laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna og stjórnar Kaupfélagsins námu 11,8 milljónum króna á árinu, samanborið við 12,1 milljón króna á árinu 2021.

Helsta fjárhagslega áhætta félagsins, og þar með samstæðunnar, er útlánaáhætta tengd viðskiptakröfum og lausafjárahætta. Daglega fylgjast stjórnendur samstæðunnar með þróun á gengi gjaldmiðla og bregðast við miðað við aðstæður hverju sinni. Útlánatöp eru takmörkuð með virkri eftirfylgni við innheimtu og sérstökum innheimtulegum. Markaðsáhætta samstæðunnar vegna fjármálagerninga er óveruleg. Lausafjárahætta er lágmörkuð með daglegri sjóðstýringu og samningum um greiðslufresti. Í samstæðureikningi er gerð nánari grein fyrir fjárhagslegri áhættustýringu.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem gætu haft veruleg áhrif á rekstur eða fjárhaglega stöðu félagsins.

Jöfnun taps

Stjórn kaupfélagsins leggur til að tap ársins verði fært til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

Skýrsla og áritun félagsstjórnar

Áritun félagsstjórnar

Það er álit stjórnar Kaupfélagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Samkvæmt mati stjórnar Kaupfélagsins felst í ársreikningi og skýrslu og áritun félagsstjórnar glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2022 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn Kaupfélags Suðurnesja svf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Reykjanesbæ, 9. mars 2023

Skúli Skúlason
stjórnarformaður

Eysteinn Eyjólfsson
stjórnarmaður

Guðbjörg Ingimundardóttir
stjórnarmaður

Inga Brynja Magnúsdóttir
stjórnarmaður

Sigurbjörn Jón Gunnarsson
stjórnarmaður

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Suðurnesja svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Suðurnesja svf. fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu og áritun félagsstjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur:

- Skýrslu og áritun félagsstjórnar,
- Rekstrarreikning ársins 2022,
- Efnahagsreikning 31. desember 2022,
- Sjóðstreymi ársins 2022,
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun félagsstjórnar er undanskilin endurskoðun, samanber kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og áritun félagsstjórnar

Stjórn félagsins ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun félagsstjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritunar félagsstjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun félagsstjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun félagsstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn félagsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn félagsins er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn félagsins skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjanesbæ, 9. mars 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Jón Sigurðsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	11.808.119	12.073.252
Annar rekstrarkostnaður		15.802.390	15.991.624
		<u>27.610.509</u>	<u>28.064.876</u>
Rekstartap		(27.610.509)	(28.064.876)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.627.553	331.311
Vaxtagjöld og verðbætur		(114.780.077)	(103.284.030)
Tap vegna eignarhluta í öðrum félögum		(10.000.000)	0
		<u>(123.152.524)</u>	<u>(102.952.719)</u>
Áhrif af rekstri dótturfélaga	3	(180.360.637)	641.789.193
(Tap) hagnaður fyrir skatta		(331.123.670)	510.771.598
Tekjuskattur	6	0	0
(Tap) hagnaður ársins		<u>(331.123.670)</u>	<u>510.771.598</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Fjáreignir:			
Eignarhlutir í dótturfélögum	3	4.425.476.121	4.732.799.721
Eignarhlutir í öðrum félögum	4	8.985.289	18.985.289
		<u>4.434.461.410</u>	<u>4.751.785.010</u>
Fastafjármunir samtals		4.434.461.410	4.751.785.010
Veltufjármunir			
Kröfur á tengda aðila	8	162.782	164.482
Aðrar skammtímakröfur		358.060	29.858.332
Handbært fé		35.124.784	66.977.382
		<u>35.645.626</u>	<u>97.000.196</u>
Eignir samtals		<u>4.470.107.036</u>	<u>4.848.785.206</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Sjóðir og eigið fé			
Stofnsjóður félagsmanna		60.974.102	58.817.809
Varasjóður		16.366.048	16.366.048
Endurmatsreikningur		2.266.962.308	1.993.719.514
Bundinn hlutdeildarreikningur		60.213.852	411.981.695
Óráðstafað eigið fé		1.201.409.552	1.133.869.431
	5	<u>3.605.925.862</u>	<u>3.614.754.497</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	7	<u>780.015.380</u>	<u>876.642.065</u>
Langtímaskuldir samtals		780.015.380	876.642.065
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		1.710.006	484.567
Skuldir við tengda aðila	8	2.727.952	272.727.952
Næsta árs afborganir langtímaskulda	7	53.880.360	57.419.041
Skattar ársins	6	0	0
Aðrar skammtímaskuldir		25.847.476	26.757.084
		<u>84.165.794</u>	<u>357.388.644</u>
Skuldir samtals		864.181.174	1.234.030.709
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>4.470.107.036</u></u>	<u><u>4.848.785.206</u></u>
Aðrar upplýsingar	9,10		

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé (til rekstrar):			
(Tap) hagnaður ársins		(331.123.670)	510.771.598
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Áhrif dótturfélaga	3	180.360.637	(641.789.193)
Sölutap eignarhluta í öðrum félögum	4	10.000.000	0
Verðbætur lantímaskulda		80.083.065	53.913.175
		<u>(60.679.968)</u>	<u>(77.104.420)</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur		29.500.272	(17.226.311)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		315.831	(7.298.986)
		<u>29.816.103</u>	<u>(24.525.297)</u>
Handbært fé (til rekstrar)		<u>(30.863.865)</u>	<u>(101.629.717)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð eignarhluta í dótturfélagi	3	(26.400.000)	0
Söluverð eignarhluta í dótturfélagi		0	58.874.400
Móttækinn arður frá dótturfélögum	3	203.501.705	272.155.795
Kröfur á tengda aðila, breyting		1.700	115.782.434
		<u>177.103.405</u>	<u>446.812.629</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(180.248.431)	(509.903.649)
Skuldir við tengda aðila, breyting		0	78.996.500
Aðrar fjármögnunarhreyfingar		2.156.293	126.209
		<u>(178.092.138)</u>	<u>(430.780.940)</u>
(Lækkun) á handbæru fé		<u>(31.852.598)</u>	<u>(85.598.028)</u>
Handbært fé í byrjun árs		66.977.382	152.575.410
Handbært fé í árslok		<u>35.124.784</u>	<u>66.977.382</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		1.627.553	331.311
Greiddir vextir		(37.455.053)	(64.766.686)
Greiddur tekjuskattur		0	0
Hreyfingar án sjóðstreymisáhrifa			
Hækkun eignarhluta vegna sölu Samkaupa á eigin hlutum		0	468.156.756
Hækkun óráðstafaðs eigin fjár vegna sölu Samkaupa á eigin hlutum		0	(468.156.756)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Kaupfélag Suðurnesja svf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur er að Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbæ.

Kaupfélag Suðurnesja svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Í árslok eru dótturfélög kaupfélagsins eftirtalin:

Samkaup hf.	571298-3769	Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbær	Verslunarrekstur
KSK eignir ehf.	440298-2579	Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbær	Leiga og rekstur fasteigna
- Rósasel ehf.	680416-1090	Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbær	Eignarhaldsfélag
- Sauðahellir ehf.	520602-2240	Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbær	Eignarhaldsfélag
Fagurey ehf.	620312-0960	Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbær	Eignarhaldsfélag

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun og þóknanir	9.919.875	10.155.800
Lífeyrissjóðsmótframlag	1.174.649	1.214.460
Önnur launatengd gjöld	713.595	702.992
	<u>11.808.119</u>	<u>12.073.252</u>

Stöðugildi á árinu var um 0,5 sem er óbreytt frá fyrra ári. Engar lífeyris- eða eftirlaunaskuldbindingar hvíla á félaginu.

3. Eignarhlutir í dótturfélögum

Bókfært verð eignarhluta í dótturfélögum í árslok 2022 greinist þannig:

	Samkaup hf.	KSK eignir ehf.	Fagurey ehf.	Samtals
Bókfært verð eignarhluta í upphafi árs	1.983.745.039	2.474.676.129	274.378.553	4.732.799.721
Greiddur arður til móðurfélags	(178.501.705)	(25.000.000)	(270.000.000)	(473.501.705)
Áhrif dótturfélaga	(125.143.441)	(54.535.335)	(681.861)	(180.360.637)
Kaup eignarhluta	26.400.000	0	0	26.400.000
Endurmat fasteigna	0	320.138.742	0	320.138.742
	<u>1.706.499.893</u>	<u>2.715.279.536</u>	<u>3.696.692</u>	<u>4.425.476.121</u>

Áhrif af afkomu dótturfélaga sundurliðast þannig:	2022	2021
Áhrif afkomu dótturfélaga (án söluhagnaðar eignarhluta)	(180.360.637)	271.703.159
Innleystur áður frestaður söluhagnaður í Samkaupum hf.	0	383.204.818
Sölutap eignarhluta í Samkaupum hf.	0	(13.118.784)
Áhrif afkomu dótturfélaga alls	<u>(180.360.637)</u>	<u>641.789.193</u>

Á árinu voru keyptir eignarhlutir í Samkaupum hf., sem námu 0,28% af útgefnu hlutfé.

Eignarhluti Kaupfélagsins í Samkaupum hf. nam 51,28% af útgefnu hlutfé í lok ársins, samanborið við 51% í upphafi árs.

Afkomuhlutdeild miðast við afkomu dótturfélaganna að teknu tilliti til leiðréttingar m.a. vegna afskrifta yfirverðs eignarhluta og aðlögunar vegna alþjóðlegra reikningskilastaðla að íslenskum ársreikningarlögum.

4. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:	Bókfært verð 31.12.2022	Bókfært verð 31.12.2021
Fasteignafélagið Sunnubraut 4 ehf.	12.000.000	12.000.000
Keilir hf.	0	10.000.000
Eignarhlutir í öðrum óskráðum innlendum félögum	0	743.556
Niðurfærsla eignarhluta í öðrum félögum	(3.014.711)	(3.758.267)
	<u>8.985.289</u>	<u>18.985.289</u>

Bókfært tap vegna sölu allra eignarhluta í Keili hf. nam 10 milljónum króna.

Skýringar

5. Sjóðir og eigið fé

Stofnsjóður félagsmanna

Stofnsjóður félagsmanna tilheyrir eigin fé Kaupfélagsins í samræmi við ákvæði laga númer 22/1991 um samvinnufélög.

Stofnsjóðsfélagar eru þeir sem hafa greitt stofnfé til Kaupfélagsins og búa á félagssvæði þess sem er Suðurnes, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes og Reykjavík, samanber samþykktir Kaupfélagsins.

Varasjóður

Í varasjóð hefur verið lagt tillag í samræmi við samþykktir Kaupfélagsins.

Endurmatsreikningur

Á endurmatsreikning er færð gangvirðisbreyting efnislegra eigna hjá dótturfélagi. Endurmatsreikningurinn er leystur upp ef eign sem er færð á gangvirði er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu er ekki fyrir hendi.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Þegar hlutdeildaraðferð er beitt skal taka tillit til rekstrarafkomu og annarra breytinga á eigin fé dóttur- eða hlutdeildarféлага og færa á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár. Sé hlutdeild móðurfélagsins í dóttur- eða hlutdeildarfélagum seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2022	31.12.2021
Stofnsjóður félagsmanna		
Staða í ársbyrjun	58.817.809	58.691.600
Breytingar stofnsjóðs á árinu	2.156.293	126.209
Staða í árslok	<u>60.974.102</u>	<u>58.817.809</u>
Varasjóður		
Staða í ársbyrjun	16.366.048	16.366.048
Staða í árslok	<u>16.366.048</u>	<u>16.366.048</u>
Endurmatsreikningur		
Staða í ársbyrjun	1.993.719.514	1.609.358.891
Leiðrétting endurmatsreiknings frá fyrra ári	0	(54.271.503)
Leiðrétt staða í ársbyrjun	<u>1.993.719.514</u>	<u>1.555.087.388</u>
Hlutdeild í sérstöku endurmati fasteigna dótturfélags	320.138.742	474.449.153
Afskrift endurmats fasteigna	(46.895.948)	(35.817.027)
Staða í árslok	<u>2.266.962.308</u>	<u>1.993.719.514</u>
Bundinn hlutdeildarreikningur		
Staða í ársbyrjun	411.981.695	124.481.047
Bundin hlutdeild í afkomu dótturfélaga að frádregnum arðgreiðslum	(351.767.843)	287.500.648
Staða í árslok	<u>60.213.852</u>	<u>411.981.695</u>
Óráðstafað eigið fé		
Staða í ársbyrjun	1.133.869.431	352.353.195
Leiðrétting endurmatsreiknings frá fyrra ári	0	54.271.503
Leiðrétt staða í ársbyrjun	<u>1.133.869.431</u>	<u>406.624.698</u>
(Tap) hagnaður ársins	(331.123.670)	510.771.598
Afskrift endurmats fasteigna	46.895.948	35.817.027
Hlutdeild í sölu eigin bréfa dótturfélags	0	468.156.756
Bundin hlutdeild í afkomu dótturfélaga að frádregnum arðgreiðslum	<u>351.767.843</u>	<u>(287.500.648)</u>
Staða í árslok	<u>1.201.409.552</u>	<u>1.133.869.431</u>
Sjóðir og eigið fé samtals	<u>3.605.925.862</u>	<u>3.614.754.497</u>

Samanburðarfjárhæðum tiltekinna eiginfjárreikninga hefur verið breytt vegna leiðréttinga frá fyrra ári og til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

6. Tekjuskattur og tekjuskattseign

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2023 vegna skattalegs taps á rekstrarárinu 2022 og yfirfæranlegs skattalegs taps frá fyrri árum. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok vegna árána 2013 til 2022 nam 1.345 milljónum króna.

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi er tekjuskattseign að fjárhæð 269 milljónir króna ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Yfirfæranlegt skattalegt tap greinist þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2021	0	298.727.656
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023	115.217.054	115.217.054
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	182.739.633	182.739.633
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	105.793.254	105.793.254
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	176.264.902	176.264.902
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	97.486.210	97.486.210
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	136.652.477	136.652.477
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	122.863.401	122.863.401
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	129.212.914	129.212.914
Tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	129.310.500	129.310.500
Tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	149.191.481	0
	<u>1.344.731.826</u>	<u>1.494.268.001</u>

7. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir í krónum, verðtryggðar	833.895.740	934.061.106

Afborganir af langtímaskuldum kaupfélagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2022	31.12.2021
Afborganir árið 2022	0	57.419.041
Afborganir árið 2023	53.880.360	57.419.041
Afborganir árið 2024	53.880.360	57.419.041
Afborganir árið 2025	53.880.360	57.419.041
Afborganir árið 2026	53.880.360	57.419.041
Afborganir árið 2027	53.880.360	57.419.041
Afborganir árið 2028 og síðar	564.493.940	589.546.860
	<u>833.895.740</u>	<u>934.061.106</u>

Langtímaskuldir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

	31.12.2022	31.12.2021
Afborganir næsta árs, færðar meðal skammtímaskulda	53.880.360	57.419.041
Afborganir með gjaldþaga eftir eitt ár eða síðar, færðar meðal langtímaskulda	780.015.380	876.642.065
	<u>833.895.740</u>	<u>934.061.106</u>

Vísað er til skýringar númer 9 varðandi veðsetningar eigna fyrir skuldum félagsins.

Skýringar

8. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar eru dótturfélög, stjórn og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi viðskipti á árinu og stöður í árslok milli tengdra aðila eru eftirfarandi:

	31.12.2022	31.12.2021
Kröfur á tengda aðila í árslok		
Samkaup hf.	0	1.700
KSK eignir ehf.	162.782	0
Rósasel ehf.	0	162.782
	<u>162.782</u>	<u>164.482</u>

Skuldir við tengda aðila í árslok

Fagurey ehf.	2.727.952	272.727.952
-------------------	-----------	-------------

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna krafna á tengda aðila.

9. Aðrar upplýsingar

Veðsetningar

Á eignarhlutum í dótturfélögum og öðrum félögum hvíla þinglýst tryggingarbréf til tryggingar fyrir skilvísun og skaðlausum greiðslum skulda félagsins sem voru 833,9 milljón króna í árslok.

10. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

10.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur móðurfélagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Ársreikningur félagsins er lagður fram miðað við forsendur um mat eigna og skulda miðað við áframhaldandi rekstur.

10.2 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

10.3 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2023. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

10.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

10.5 Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi dótturfélaga eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárréikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í dótturfélögum.

Skýringar

10. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

10.5 Eignarhlutir í dótturfélögum, framhald

Í móðurfélagsreikningi eru færð afkomuáhrif dótturfélaga miðað við hlutdeild móðurfélags í eigin fé viðkomandi dótturfélaga. Hlutdeild í tapi dótturfélaga er færð á móti eignarhlut í viðkomandi dótturfélagi að því marki að bókfært verð eignarhlutar verði ekki neikvætt. Ef hlutdeild í tapi dótturfélags er hærri en eignarhlutur móðurfélags í því þá færast það á móti kröfu móðurfélagsins á dótturfélagið að því marki sem krafan dugar á móti gjaldfærslunni. Hlutdeild í tapi umfram það er ekki færð nema talið sé að móðurfélagið þurfi að bera skuldbindingar dótturfélagsins. Ef það er mat stjórnenda að móðurfélagið muni eða beri að bera skuldbindingar dótturfélagsins þá er viðkomandi fjárhæð færð sem "neikvæðir eignarhlutir í dótturfélögum" meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

10.6 Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði sem samanstendur af kaupverði og beinum kostnaði við öflun þeirra.

10.7 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

10.8 Stofnsjóður félagsmanna

Stofnsjóður félagsmanna er flokkaður sem eigið fé.

10.9 Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem vænt er að greiða beri til skattýfirvalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verð í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metinn með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Tekjuskattseign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

Tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign er jafnað saman þegar það er heimilt skv. lögum og er vegna tekjuskatts sem lagður er á af sömu skattayfivöldum.

10.10 Skuldbindingar

Félagið færir skuldbindingu þegar félagið hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt sé að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Skuldbinding er ekki færð vegna mögulegra framtíðar rekstrartapa.

10.11 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði; mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færð í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

10.12 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.